

# TÖL101G - Tölvunarfræði 1

## Vikublað 2

### Almennt

Í síðustu viku fórum við yfir gagnatög og í þessari viku verður farið yfir `if`, `while` og `for` setningar. Þetta efni er í kafla 1.3 í bók.

Allir dæmatímakennarar eru komnir með hólf á fyrstu hæð í VR-II. Dæmahópur d3 getur skilað í hólf mitt (Páll Melsted) í Tæknigarði, númer 15.

Við minnum á að það á bæði að skila **æfingum og verkefnum** sem sett eru fyrir. Munið einnig að merkja heimadæmin með þeim dæmahóp sem þið eruð skráð í og skila í rétt hólf.

### Heimadæmi

Skilafrestur er til þriðjudags 10. september kl. 12:00. Cloudcoder skilafrestur er til 23:59 sama dags.

### CloudCoder æfingar

Eftirfarandi æfingar eru inni á cloudcoder: **1.2.14, 1.3.1, 1.3.4**

### Æfingar

Gerið dæmi **1.2.20, 1.3.6, 1.3.16** og skilið forritskóða. Það þarf ekki að skila kóða fyrir dæmi **1.3.6** og **1.3.16** en það er í lagi, þetta eru líka dæmigerðar prófspurningar, reynið að leysa þessi dæmi fyrst án þess að skrifa kóða. Athugið að öll númer vísa til dæma í bók, ekki á netinu.

### Verkefni

Dæmi **1.3.35** skilið forritskóða, rökstyðjið lausn ykkar á dæminu og niðurstöðu úr keyrslu þegar forritið er keyrt með `reps = 1000` og `N = 1000`. Til að hjálpa ykkur er beinagrind af forritinu sett á netið, athugið að í dæminu er bara talað um `N` sem stærðina á kassanum, en `reps` er fjöldi endurtekninga á tilrauninni.